

Tillaga að flokkun virkjunarkostsins Garpsdal í nýtingarflokk.

Þann 7. maí sl. skilaði verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar tillögu að flokkun 10 vindorkukosta til ráðherra. Lagði verkefnisstjórnin til að allir virkjunarkostirnir yrðu flokkaðir í biðflokk. Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, kemur fram að ráðherra taki tillögu verkefnisstjórnar til skoðunar og gangi frá tillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun í samræmi við 3. gr. laganna. Ef lagðar eru til breytingar á tillögu verkefnisstjórnar skal leita umsagnar og kynna breytingarnar almenningi áður en tillagan er lögð fram á Alþingi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið að setja breytingu á tillögu verkefnisstjórnar í samráðferli, þess efnis að virkjunarkosturinn Garpsdalur verði flokkaður í nýtingarflokk. Aðrir vindorkukostir í tillögum verkefnisstjórnarinnar munu fá áframhaldandi umfjöllun hjá nýrri verkefnisstjórn sem skipuð var 12. júní 2025 og á næsta löggjafarþingi er stefnt að framlagningu þingsályktunartillögu um vindorkustefnu og jafnframt breytingum á lagaumgjörð vindorkunýtingar.

Eftir að hafa rýnt greiningar faghópa og tillögu verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar um flokkun tíu vindorkukosta er það mat umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að virkjunarkosturinn Garpsdalur hafi ákveðna sérstöðu. Samkvæmt greiningu faghóps 1 er verðmætagildi náttúru- og menningarminja á svæðinu lægra en annarra kosta og eru áhrif virkjunarinnar á slík verðmæti metin einna lægst af öllum virkjunarkostum sem voru til skoðunar. Þá kemur kosturinn best út af öllum kostum í mati faghóps 3 á samfélagslegum áhrifum. Meiri sátt ríki virðist ríkja um virkjunarkostinn í nærsamfélaginu heldur en gildir um aðra kosti og haft hefur verið náið samráð við sveitarstjórn á viðkomandi svæði. Vindorkugarðurinn yrði staðsettur nærri væntanlegri Vestfjarðalínu og tengikostnaður við dreifikerfi raforku er þannig lítill. Um er að ræða eitt lengst komna vindorkuþróunarverkefni á Íslandi.

Það sem helst mælti gegn því að raða Garpsdal í nýtingarflokk að mati verkefnisstjórnar rammaáætlunar voru ný gögn um farleiðir hafarna sem sýndu að hafarnir flygju í „einhverjum tilvikum nálægt og mögulega yfir mögulegt virkjunarsvæði í Garpsdal.“ Haförninn er á meðal sjaldgæfustu varpfugla landsins og á lista yfir tegundir í hættu. Ráðherra leggur áherslu á að gætt sé varúðar í þessum efnum, frekari greiningar fari fram og að leitað verði leiða til að eyða óvissu um möguleg áhrif virkjunar á haförninn. Byggt á því verði hugað að mótvægisáðgerðum við frekari þróun virkjunarkostsins.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Flokks fólksins er lögð áhersla á aukna orkuöflun í þágu orkuöryggis, orkuskipta og verðmætasköpunar um allt land. Gríðarlegt ójafnvægi hefur skapast milli framboðs og eftirspurnar eftir raforku á undanförunum árum og að mati Landsnets eru verulegar líkur á orkuskorti á tímabilinu 2026 til 2029. Vindorkunýting hefur þann kost að hægt er að reisa slíkar virkjanir hratt í samanburði við vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir og þegar vel tekst til eru umhverfisáhrifin af vindorkunýtingu að mörgu leyti afturkræfari.

Ráðherra leggur áherslu á að þeir virkjunarkostir gangi fyrir sem eru í senn hagkvæmir og fela í sér minnsta röskun á náttúruverðmætum. Eftir að hafa yfirfarið fyrirliggjandi gögn er það niðurstaða ráðherra að leggja til við Alþingi að virkjunarkosturinn Garpsdalur verði flokkaður í orkunýtingarflokk.